

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 435/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Steinari Braga Lemacks

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. október sl., sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður dæmdur.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks, kt. 230378-5259, Esjugrund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 22. nóvember 1994 kl. 16.00.

— — —

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er brotaferill kærða undanfarna tvo mánuði svo til óslitinn. Þannig hefur hann ekki látið skipast við gæsluvarðhald það, sem hann sætti frá 15.–19. september sl. Eru brot þau, sem kærði gekkst við fyrir þann tíma, hliðstæð þeim brotum, sem hann hefur játað að hafa framið, eftir að gæsluvarðhaldi lauk. Samkvæmt því þykir rík ástæða til að ætla, að kærði muni, ef hann fer frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga

nr. 19/1991 þykir því verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, en nægjanlegt þykir þó, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til mánudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.
